

Íslenska sem annað tungumál – Aðalnámskrá grunnskóla

1. stig

Hlustun

Nemandi ...

- Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan, skólann, fjölskylduna og áhugamál ef talað er hægt og skýrt.
- Skilur að nokkru leyti leiðbeiningar og það mál sem notað er í kennslustofunni ef talað er hægt.
- Fylgir meginþræði og greinir upplýsingar í einföldum, kunnuglegum frásögnum með sjónrænum stuðningi og orðaforða sem hefur verið kenndur.
- Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þepi, orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.

Lestur

Nemandi ...

- Þekkir íslenska stafrófið og íslensku máhljóðin
- Getur lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar
- Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.
- Getur lesið og skilið einfalda texta af nokkurri lipurð.

Talað mál

Nemandi ...

- Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.
- Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga
- Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.
- Kann grunnorðaforða, orð á 1. þepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.
- Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.
- Getur með takmörkuðum orðaforða lýst hlut eða mynd með því að hafa undirbúið sig fyrir fram.

Ritun

Nemandi ...

- Getur skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig.
- Getur skrifað nafn sitt, heimilisfang og nafn skólans.
- Getur skrifað orð og orðasambönd til að lýsa hversdagslegum hlutum (t.d. lit eða stærð).
- Getur skrifað einfaldar setningar til að lýsa atburðum í myndasögu
- Getur skrifað dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólk og stöðum í stuttum setningum.
- Hefur grunnþekkingu á íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.